

LÖG**um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með síðari breytingum.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk, barnaörorkustyrk og framfærslukostnað skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. Sama gildir um rekstur bifreiða eigi í hlut elli- og örorkulífeyrisþegar og örorkustyrkþegar.

2. gr.

B-liður 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Að veita styrk til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi taka einnig til þeirra sem fengu úthlutun leyfa til tollaívilnunar árið 1986 vegna kaupa á bifreið.

*Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.***Steingrímur Hermannsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.***Ragnhildur Helgadóttir.*